



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rúnar Dýrmundur Bjarnason
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. janúar 2006

Tilvísun: UST20051200069/sf

Hitaveita í Grundarfirði. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. desember sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun telur að frekari upplýsingar þurfi að liggja fyrir til að hægt sé að meta hvort líkur séu á að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, þ.e. upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að við lagningu aðveituæðar verði farið með brúnni yfir Kolgrafafjörð og áfram í veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar inn til Grundarfjarðar. Eins og fram kemur í matskýrslu fyrir Snæfellsnesveg um Kolgrafafjörð var fuglalíf töluvert á veglínunni og liggur vegurinn m.a. í gegnum æðarvarp í landi Kolgrafa og Berserkseyrar. Hópið er fæðusvæði fugla og nýta margæsir sjávarfítjar í Hópinu. Vegna þessa óskar Umhverfisstofnun upplýsinga um hvernig unnið verður að lagningu aðveituæðarinnar um Hópið og brúna yfir Kolgrafafjörð og þá hvort hægt verði að vinna við lagningu hennar frá núverandi vegi.

2. Í vestanverðum Kolgrafafirði liggur Snæfellsnesvegur um vel gróið land þar sem skiptast á mýrar og gras- og lyngmóar. Land þar er mjög blautt sem olli nokkrum vandræðum við lagningu vegarins og frágang. Vegna þessa má búast við að talsverð jarðvegsskipti verði nauðsynleg vegna lagningar aðveituæðar um svæðið og að jarðrask verði töluvert. Umhverfisstofnun telur því rétt að skoða hvort mögulegt sé að leggja aðveituæðina upp í gegnum námu í Oddabörðum og að þaðan verði lögnin grafin í gamla veginn, þannig að ekki komi til frekara rasks á svæðinu.

3. Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að hugsanlegt sé að ný vinnsluhola verði boruð á fyllingu í áttina að Laugaskeri og að þá verði útbúið um 200 m² borplan út í sjó á fyllingu, sem þarf að standast ágang sjávar.


Hvar verður tekið efni til þeirrar framkvæmdar og hversu mikið þarf af grjóti til grjótvagnar?


4. Fram kemur í tilkynningu um framkvæmdina að losun á jarðhitavatni í sjó verði 30 l/s af 40°C heitu vatni. Samkvæmt efnagreiningum á vatni úr vinnsluholu sem boruð var er sýrustig vatnsins lágt, seltan há og styrkur frírrar kolsýru hár. Fram kemur að svo súrt jarðhitavatn (lágt pH) finnst hvergi annars staðar á landinu. Umhverfisstofnun telur að leggja verði fram upplýsingar um það hvort förgun affallsvatnsins í sjó geti haft áhrif á lífríki og jafnframt hvort hættu sé á útfellingum.

5. Fyrirhuguð jarðhitányting gæti hugsanlega haft áhrif á uppstreymi jarðhita í Laugaskeri, en samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila er ekki vitað hvort og þá hvaða áhrif vinnslan hefur á laugina.

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um hvort fyrirsjáanlegt er að hægt verði að grípa til einhverra mótvægisáðgerða ef í ljós kemur að nýting jarðhita hefur neikvæð áhrif á uppstreymi jarðhitavatns í Laugaskeri.

Virðingarfyllst


Sigrún Friðriksdóttir
Fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður